

# Lög Félagsins (Laws of the Company)

## Article 1.

The company shall be called Ásatrúarfélagið. The company is a registered religious organization. Home and venue are in Reykjavík; but is available to the whole country. Membership is automatic upon registration with the company through the National Register.

Félagið heitir Ásatrúarfélagið. Félagið starfar samkvæmt lögum um skráð trúfélög. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði þess er allt landið. Félagar verða sjálfkrafa allir þeir sem skrá sig í félagið hjá þjóðskrá.

## Article 2.

The company's purpose is to work to strengthen our faith, offer rituals and other religious services to members, promoting good morality, life and public policy, and to promote respect for nature and our ancient cultural heritage.

Tilgangur félagsins er að starfa að eflingu vors siðar, sjá um trúarathafnir og trúarlega þjónustu við félagsmenn, stuðla að góðu siðferði, lífsskoðunum og allsherjarreglu sem og að efla virðingu fyrir fornum menningararfi og náttúrunni.

## Article 3.

The Allsherjargoði is the head, and chief religious official, of Ásatrúarfélagið. He shall be elected in accordance with special rules for the election of the “hosts of the gods” (allsherjargoða).

Allsherjargoði er æðsti trúarlegi embættismaður Ásatrúarfélagsins og jafnframt forstöðumaður þess. Hann skal kjósa samkvæmt sérstökum reglum um kjör allsherjargoða.

## Article 4.

Other religious officials shall be called Priests (“goðar”). They shall be appointed by the allsherjargoða and the “High Court” (lögrétta), and undergo instruction by the allsherjargoða or substitute two years of experience. The “General Assembly” (Allsherjarþing) shall confirm when a Priest's probation has been completed, which approval shall be valid for five years. Each Priest must have the support of thirty members.

Aðrir trúarlegir embættismenn félagsins nefnast goðar. Skulu þeir tilnefndir af allsherjargoða og lögrétta og gangast undir leiðsögn allsherjargoða eða staðgengils hans í tvö ár til reynslu. Allsherjarþing staðfestir skipun goða er reynslutíma er lokið og gildir hún til fimm ára. Skal hver goði hafa stuðning 30 félagsmanna.

## Article 5.

The “General Assembly” (Allsherjarþing) is the supreme authority of the company. It shall convene at “Þingvöllum á Þorsdag” (Þingvellir, something something) in the tenth week of summer each year. The High Court may postpone the proceedings until the first Saturday after the first day of winter. All members of the company are entitled to attend the General Assembly and have the right to speak and make proposals. Voting rights and eligibility are conferred at 18 years of age.

Tasks of the General Assembly shall be as follows:

1. Receive, discuss, and approve the reports of the High Court.
2. Submit, discuss, and approve invoices.
3. Consider amendments and other motions.
4. Elect the High Court.
5. Elect accountants, committees, and other Trustees.
6. Any other business.

Allsherjarþing fer með æðsta vald í félaginu. Skal það sett á Þingvöllum á þorsdag í tíundu viku sumars ár hvert, en lögréttu er heimilt að fresta þingstörfum til fyrsta laugardags eftir fyrsta vetrardag. Allir félagar Ásatrúarfélagsins eiga rétt til setu á allsherjarþingi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Atkvæðisréttur og kjörgengi miðast við 18 ára aldur.

Verkefni allsherjarþings skulu vera þessi:

1. Skýrsla lögréttu, borin upp til umræðu og staðfestingar.
2. Reikningar lagðir fram til umræðu og til staðfestingar.
3. Lagabreytingar og aðrar tillögur.
4. Kosið í lögréttu
5. Kosning skoðunarmanna reikninga, nefnda og í aðrar trúnaðarstöður.
6. Önnur mál.

## Article 6.

The High Court is the highest order and executive body of Ásatrúarfélagið. This committee has five members, elected by the General Assembly, and shall be divided into Offices. The Offices are Lawspeaker (“lögsögumaður”), Deputy Lawspeaker, Treasurer, Secretary, and an additional board member. The General Assembly shall also elect two alternates. Also counted among the High Court are the Allsherjargoði and one representative of the Priests appointed from among themselves. All Priests have the right to attend meetings of the High Court, with the right to speak and make proposals. Each member of the High Court shall have one vote.

Lögrétta er æðsta ráð og jafnframt framkvæmdastjórn Ásatrúarfélagsins. Í henni sitja fimm félagsmenn, kjörnir af allsherjarþingi, og skulu þeir skipta með sér embættum. Embættin eru lögsögumaður, staðgengill lögsögumanns, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Allsherjarþing skal einnig kjósa tvo menn til vara. Auk þeirra eiga sæti í lögréttu allsherjargoði og einn fulltrúi sem goðar tilnefna úr sínum röðum. Allir goðar hafa rétt til setu á fundum lögréttu með málfrelsi og tillögurétti. Hver lögréttumaður fer með eitt atkvæði.

## Article 7.

The company's fiscal year shall be from September 1, to August 31, each year.

Reikningsár Ásatrúarfélagsins er frá 1. september til 31. ágúst ár hvert.

## Article 8.

This Act is the basic law of Ásatrúarfélagið, and shall be changed only by a qualified majority vote of the legitimate General Assembly, following a full presentation of the amendments. Further rules or regulations of the company can be found in the “starfsreglum félagsins” (procedures of the company). They may only be amended by a majority vote of the General Assembly.

Lög þessi eru grunnlög Ásatrúarfélagsins og verður þeim aðeins breytt með auknum meirihluta greiddra atkvæða á lögmætu allsherjarþingi að undangenginni kynningu. Nánari reglur félagsins er að finna í starfsreglum félagsins. Þeim verður aðeins breytt með meirihluta atkvæða á allsherjarþingi.

## Article 9.

Dissolution of the company shall be by two regular General Assemblies, following a proposal in that regard. The second General Assembly shall then decide on the proper disposal of any and all assets of the company.

Slíta má félaginu með auknum meirihluta atkvæða á tveimur reglulegum Allsherjarþingum að undangenginni tillögu þess efnis. Á síðara Allsherjarþinginu skal ákveðið hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins.

# Starfsreglur Ásatrúarfélagsins (Procedures of Ásatrúarfélagið)

## Part 1. Um vorn sið (About Our Ways)

### Article 1.

“Devotion to the Æsir” (“Ásatrú”) is our custom. However, believers are not tied solely to the Æsir, but may offer sacrifice to any other gods, guardian spirits (“landvætti”), and other powerful beings. Ásatrúar practice their religion in a way that suits themselves, while not violating the law of the land or pagan ethics.

Ásatrú er vor siður. Þó er átrúaður ekki bundinn við æsi eina heldur er heimilt að blóta önnur goð, landvætti og aðrar máttugar verur. Ásatrúarmenn iðka trú sína á þann hátt sem hverjum og einum hentar á meðan ekki brýtur í bága við landslög eða heiðið siðgæði.

### Article 2.

A code of ethics is chiefly to be found in “Hávamál” (equiv. “Poetic Edda”); the main principal being that individuals are responsible for themselves and their actions. It is a code based on tolerance, honesty, honor, and respect for the Earth and nature.

Siðareglur félagsins er einkum að finna í Hávamálum. Helsta inntak siðarins er ábyrgð einstaklings á sjálfum sér og gerðum sínum. Siðurinn byggir á umburðarlyndi, heiðarleika, drengskap og virðingu fyrir jörðinni og náttúrunni.

### Article 3.

“Ásatrúarmenn” (Pagans) join in this promise: to celebrate our ancient faith and culture.

Ásatrúarmenn sameinast um heitið: „Hefjum til vegs fornan sið og forn menningarverðmæti.

## Part 2. Um trúarathafnir (About Rituals/Religious Activities)

### Article 4.

Four chief sacrifices shall be held annually and follow the seasons and work-week. The first shall be held on the first day of winter, the second at the Yuletide for “vetrarsólvörf” (seems to be strange phrasing for mid-winter; something to do with winter, birthing, and kinetics...), the third on the first day of Summer, and the fourth on Thor's Day in the tenth week of summer at Þingvellir.

(Translation Note: ancient celts/germans generally saw just two seasons, summer and winter.)

Fjögur höfuðblót skulu haldin árlega og fylgja þau hinu forna missera- og vikutali. Hið fyrsta skal haldið fyrsta vetrardag, annað á jólum um vetrarsólvörf, hið þriðja á sumardaginn fyrsta og hið fjórða á þórsdegi í tíundu viku sumars á Þingvöllum.

### Article 5.

Ásatrúarmenn offer devotion before images of the gods, and other symbols, but it is not their duty to worship them. (word used here is “tilbiðja;” what is being described is worship offered to symbols themselves, i.e. actual idolatry) Do not disrespect gods, or that which is holy.

Ásatrúarmenn geta helgað goðum líkneski og önnur tákni en ekki er skylda hvers og eins að tilbiðja þau. Ekki má vanvirða goð eða annað það sem heilagt er.

### Article 6.

It is good and proper to educate others about Ásatrúarfélagið and heathen traditions, but do not proselytize.

Heimilt er og sjálfsagt að fræða aðra um Ásatrúarfélagið og heiðinn sið en trúboð er ósiður.

## Part 3. Um allsherjargoða (About Chief-priests)

### Article 7.

Allsherjargoði sanctifies sacrifices and other religious gatherings held in the name of the company. He also performs all official public ceremonies and activities entrusted to him according to law. The company shall have an account to fund any expenses incurred by the Allsherjargoði in his work for the company.

Allsherjargoði helgar blót og aðrar trúarsamkomur sem haldnar eru í nafni félagsins. Hann vinnur einnig öll opinber embættisverk og vígsluathafnir sem honum eru falin lögum samkvæmt.

Skal félagið eiga reikning sem allsherjargoði hefur aðgang að til að standa straum af þeim útgjöldum sem hann stofnar til í störfum sínum fyrir félagið.

## **Article 8.**

Allsherjargoði should offer guidance regarding religious matters and rules of custom if requested, but is not a final authority in these matters.

Allsherjargoði skal leiðbeina um trúarefni og siðreglur sé þess óskað en hefur ekki úrskurðarvald í þeim efnum.

## **Article 9.**

Allsherjargoði is the official spokesperson of the company on religious matters. His position is one of respect and he shall always be careful to avoid dispute and strife, which are not worthy of his respect, both within the company and outside.

Allsherjargoði er opinber talsmaður félagsins um trúarefni. Staða hans er virðingarstaða og skal hann ávallt gæta þess að halda sig utan við deilumál og þrætur, sem ekki eru samboðnar virðingu hans, jafnt innan félags sem utan.

## **Article 10.**

Allsherjargoði holds a seat in the High Court, but cannot perform the work or responsibilities of representatives elected by the General Assembly to sit in the High Court.

Allsherjargoði á sæti í lögrétu en getur ekki gegnt starfi lögsögumanns eða annarra fulltrúa sem allsherjarþing kýs til setu í lögrétu.

## **Article 11.**

High Court shall appoint a Priest to act as Allshergoði in his absence, according to his consultation.

Lögrétta skal skipa einn goða til að gegna embætti allsherjargoða í forföllum hans í samráði við allsherjargoða.

## **Article 12.**

Should the Allsherjargoði be found guilty of criminal conduct, grave professional mistakes, or serious violations of the laws and regulations of the company, the High Court may expel him from his office temporarily. The General Assembly shall then convene to issue a final decision on whether to dismiss the Allsherjargoði.

Gerist allsherjargoði sekur um refsiverða háttsemi, alvarleg embættisglöp eða gróf brot á lögum og reglum félagsins getur lögrétta vikið honum úr embætti tímabundið. Skal þá þegar boða til aukaallsherjarþings sem tekur endanlega ákvörðun um hvort allsherjargoða verði vikið úr embætti.

## **Article 13.**

Priests who have served at least five years are eligible to being elected Allsherjargoði, subject to the following conditions:

- Have an unblemished reputation, in control of his estate, and legally competent (of age).
- Have a clear understanding of what the office of Allsherjargoði entails.
- Have a sound and studied knowledge of pagan worship and heathen traditions.
- Have a sound knowledge of the laws and regulations of the company, and the laws regarding religious organizations.
- Have the written support of fifty members.

Starfandi goðar sem setið hafa í a.m.k. fimm ár geta boðið sig fram til allsherjargoða að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Hafa óflekkað mannorð, vera bús síns ráðandi og lögráða.

Hafa skýra hugmynd um það í hverju embætti allsherjargoða er fólgið.

Hafa haldgóða og fræðilega þekkingu á ásatrú og heiðnum sið.

Hafa haldgóða þekkingu á lögum og reglum Ásatrúarfélagsins og lögum um trúfélög.

Hafa skriflegan stuðning 50 félagsmanna.

## Article 14.

Nominations shall be submitted to the Lawspeaker or his deputy, no later than six weeks before the General Assembly. The High Court shall decide whether a candidate meets the conditions of Article 13, and the value of his list of supporters. If any member of the High Court is himself a candidate, he shall recuse himself from any meeting regarding the eligibility of candidates.

Framboðum skal skila til lögsögumanns eða staðgengils hans eigi síðar en sex vikum fyrir allsherjarþing.

Lögrétta úrskurðar um hvort frambjóðandi uppfylli skilyrði skv. 13. gr. og um gildi stuðningsmanna hans.

Sé lögréttumaður í framboði skal hann víkja af fundi meðan lögrétta úrskurðar um hæfi frambjóðenda.

## Article 15.

If there is only one candidate, and he fulfills all the conditions of Article 13, she shall be considered self-elected. If there are no candidates, the High Court shall appoint someone to be Allsherjargoði for one year.

Sé einungis einn frambjóðandi í kjöri telst hann sjálfkjörinn uppfylli hann öll skilyrði 13. gr. Bjóði sig enginn fram skal lögrétta skipa í embætti allsherjargoða til eins árs.

## Article 16.

The General Assembly shall elect the Allsherjargoði. If no candidate receives an absolute majority, there shall immediately be another election between the two candidates who received the most votes. The election shall be officially declared, and the new Allsherjargoði swear an oath of office, before the General Assembly at Þingvellir.

Allsherjarþing kýs allsherjargoða. Hljóti enginn frambjóðandi hreinan meirihluta skal þegar í stað fara fram önnur kosning milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu.

Kjöri skal þegar lýst opinberlega og skal nýr allsherjargoði sverja eið að embætti sínu við setningu allsherjarþings á Þingvöllum.

## Article 17.

Allshergoði shall serve for five years. After this time there will be a call for candidates and an election, according to Articles 13-16.

Kjörtímabil allsherjargoða er fimm ár. Að þeim tíma liðnum skal auglýst eftir framboðum og boðað til kosninga samkvæmt 13.-16. gr.

## Part 4. Um goða (About Priests)

### Article 18.

The selecting of Priests shall take the following into account:

1. He is older than 30 years.
2. He has an unblemished reputation, in control of his estate, and legally competent (of age).
3. He has a clear understanding of what the position of Priest entails.
4. He has a good and studied knowledge of pagan worship and heathen traditions.
5. He has a good knowledge of the laws and regulations of the company, and the laws regarding religious organizations.

Við val á goða í embætti skal taka mið af eftirfarandi:

1. Að hann sé eldri en 30 ára
2. Að hann hafi óflekkað mannorð, sé bús síns ráðandi og lögráða.
3. Að hann hafi skýra hugmynd um það í hverju embætti goða sé fólgið.
4. Að hann hafi góða og fræðilega þekkingu á ásatrú og heiðnum sið.
5. Að hann hafi góða þekkingu á lögum og reglum Ásatrúarfélagsins og lögum um skráð trúfélög.

### Article 19.

Priests that have been nominated to be Allsherjargoði or to sit in the High Court, and have enjoyed the instruction of the Allsherjargoði or his alternate, shall obtain the written support of thirty members, 18 years or older, and “the description of his MP's (þingmenn).” The High Court shall rule on the eligibility of the Priest, according to Article 18, and “the value of his list of MP's (þingmannalista).” Priests seeking re-appointment after a five-year term may apply to the High Court, which shall decide whether the Priest has fulfilled his obligations. The General Assembly shall confirm re-appointments of Priests, such being considered the start of the Priest's term.

Goðafni sem hlotið hefur tilnefningu allsherjargoða eða lögréttu og notið hefur tilsagnar allsherjargoða eða staðgengils hans skal sækja skriflegan stuðning 30 félagsmanna, 18 ára eða eldri, og skulu þeir nefnast þingmenn hans. Lögrétta úrskurðar um hæfi goðafnis samkvæmt 18. gr. og gildi þingmannalista hans. Sækist goði eftir því að verða endurskipaður að loknum fimm ára skipunartíma getur hann sótt um endurskipun til lögréttu félagsins. Lögrétta úrskurðar hvort starfandi goði hafi uppfyllt skyldur sínar í starfi sækist hann eftir að verða endurskipaður. Allsherjarþing staðfestir endurskipan goða og telst allsherjarþing upphaf tímabilsins.

## Article 20

Priests are religious officials (or: civil-servants) of the company. They take an active part in sacrifices and other religious activities held in its name, as well as stand for the acts of the priesthood. Additionally, they must perform at least one sacrifice per year. They serve the public, their official dedication ceremonies conferring the authority of Minister. They may charge for their services according to prices established by the priests and confirmed by the High Court. They shall take into account the price of other denominations and magistrates for similar services.

Goði er trúarlegur embættismaður félagsins. Hann tekur virkan þátt í blótum og öðrum trúarsamkomum sem haldnar eru í nafni þess auk þess sem hann skal standa fyrir athöfnum í eigin goðorði. Auk þess ber honum að halda a.m.k. eitt blót á ári. Einnig annast hann opinber embættisverk og vígsluathafnir hafi hann fengið til þess heimild hjá ráðherra. Heimilt er goðum að taka gjald fyrir athafnir og vígslur samkvæmt gjaldskrá sem goðar setja sér og er staðfest af lögréttu. Skal þar taka mið af gjaldskrá annarra trúfélaga og sýslumanna fyrir sambærilegar athafnir.

## Article 21.

Priests should offer guidance regarding religious matters and rules of custom if requested, but are not final authorities in these matters.

Goði skal leiðbeina um trúarefni og siðreglur sé þess óskað en hefur ekki úrskurðarvald í þeim efnum.

## Article 22.

Priests' position is one of respect and they shall always be careful to avoid dispute and strife, which are not worthy of their respect, both within the company and outside. Priests who have served for at least ten years, and have retired due to age or illness, retains the honor of the title without their obligations to service or holding sacrifice.

Staða goða er virðingarstaða og skal hann ávallt gæta þess að halda sig utan við deilumál og þrætur, sem ekki eru samboðnar virðingu hans, jafnt innan félags sem utan. Goði sem sinnt hefur embætti a.m.k. 10 ár en er hættur störfum vegna aldurs eða veikinda, heldur virðingarheitinu goði án þess að sinna skyldum við embættisverk eða blóthald.

## Article 23.

Should a Priest be found guilty of criminal conduct, grave professional mistakes, or serious violations of the laws and regulations of the company, the High Court may expel him from his office until the next General Assembly, which shall decide whether to dismiss him.

Gerist goði sekur um refsiverða háttsemi, alvarleg embættisglöp eða gróf brot á lögum og reglum félagsins getur Lögrétta vikið honum úr embætti fram að næsta allsherjarþingi sem tekur ákvörðun um hvort goða skuli vikið úr embætti.

## Article 24.

Priests shall hold regular meetings to discuss matters relating to their duties, and plan the division of labor among themselves.



Goðar skulu halda reglulega fundi þar sem tekin eru fyrir mál er varða starfssvið þeirra sem og vinna sameiginlega að verkaskiptingu sín á milli varðandi athafnir og vígslur.

## Part 5. Um fundarsköp (About Procedures)

### Article 25.

The common rules of procedure shall apply to the General Assembly. (Trans Note: it is likely they are referring to the common notions of Parliamentary Procedure.) Meetings of the General Assembly shall be announced in the newsletter two weeks beforehand. The High Court shall determine the meeting place. Only lawfully convened assemblies shall be legitimate. Tasks before the assembly shall be included in the announcement.

Almennar reglur um fundarsköp skulu gilda á Allsherjarþingi.

Til allsherjarþings skal boðað í fréttarbréfi til félagsmanna minnst tveimur vikum fyrir þing. Allsherjarþing skal haldin á þeim stað sem lögrétta ákveður hverju sinni. Allsherjarþing er aðeins lögmætt að til þess sé löglega boðað. Verkefna þingsins skal getið í fundarboði.

### Article 26.

Audited financial statements must be available for at least a week before the General Assembly, signed by the auditor and accountant, along with the Lawspeaker and Treasurer.

Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja fyrir minnst viku fyrir allsherjarþing, undirritaðir af endurskoðanda og skoðunarmönnum reikninga ásamt lögsögumanni og gjaldkera.

### Article 27.

Consensus of the High Court is required for all major projects and investments by the company. If this is not achieved, the matter shall be redirected to the General Assembly. Proposed projects should be described thoroughly, including a budget.

Einróma samþykki lögréttu þarf fyrir öllum meiriháttar framkvæmdum og fjárfestingum sem félagið ræðst í. Ef það næst ekki skal málinu vísað til allsherjarþings. Fyrirhuguð verkefni skulu rækilega kynnt ásamt fjárhagsáætlun á þinginu.

### Article 28.

Election of High Court officers after the nomination meeting shall be in writing if any attendees request it. Elected members of the High Court shall be elected for a term of two years; three in one year, and two in the next. Alternates shall be elected for a one year term, as well as an independent accountant and auditors.

Kosning í lögréttu eftir tilnefningu fundarmanna skal vera skrifleg ef einhverjir fundarmanna óskar þess. Kjörnir fulltrúar í lögréttu skulu vera kosnir til tveggja ára í senn, þrjár annað árið en tveir hitt árið. Varamenn skal kjósa til eins árs í senn. Eftir sömu reglum skal kjósa til eins árs í senn óháðan endurskoðanda svo og skoðunarmenn reikninga úr röðum félagsmanna.

## **Article 29.**

(Trans. Note: I gave up on this one.) Must be available to increase the General Assembly request to at least 5 people the Legislature.

Skýlt er að boða til aukaallsherjarþings óski að minnsta kosti 5 lögréttumanna þess.

## **Part 6. Um lögréttu (About the High Court)**

### **Article 30.**

The High Court appoints committees and oversees their work. Committees can seek the opinion of the High Court, the Priests, or members concerning matters with which they are concerned. Committees submit their findings to the High Court, which presents them to the General Assembly.

Lögrétta skipar í nefndir og hefur umsjón með starfi þeirra. Nefndir geta leitað álits lögréttu, goða eða félagsmanna um mál sem þær hafa til meðferðar. Nefndir skila niðurstöðum sínum til lögréttu sem leggur þær fyrir allsherjarþing.

### **Article 31.**

The High Court shall meet at least three times a year: the first Sunday after the General Assembly, the first Saturday in March, and the first Saturday in September. General members may attend and witness fixed meetings of the High Court. There is no need to announce meetings of the High Court in advance.

Lögrétta kemur saman minnst þrisvar sinnum á ári; fyrsta sunnudag eftir allsherjarþing, fyrsta laugardag í mars og fyrsta laugardag í september. Almennum félagsmönnum er heimilt að sitja fasta lögréttufundi. Ekki þarf að auglýsa lögréttufundi.

## **Part 7. Um verkaskiptingu innan félagsins (About Division of Labor Within the Company)**

### **Article 32.**

Members may direct any matter to the High Court, the Priests, or the General Assembly, as appropriate.

Félagsmenn geta beint málum til lögréttu, goða eða allsherjarþings eftir atvikum.

### **Article 33.**

The General Assembly can direct “þingmálum” (seems to mean public officials, in this context) to the High Court. (Not sure what this addresses exactly.)

Allsherjarþing getur beint þingmálum til lögréttu.

## Article 34.

The High Court addresses the daily concerns of the company, and is responsible for its management, internal operations, and organization. The Priests address concerns regarding the ceremonies and rituals of the company. The Allsherjargoði represents the company, but may involve other Priests or the High Court as appropriate.

Lögrétta fjallar um þau mál sem snúa að daglegum störfum félagsins, sér um stjórn þess, innra starf og skipulag.

Goðar fjalla um þau mál sem snúa að athöfnum og trúarlífi félagsins. Allsherjargoði kemur fram fyrir hönd félagsins en getur falið það öðrum goða eða lögréttumanni eftir atvikum.

## Part 8. Um lögsögumann (About Lawspeaker)

### Article 35.

The Lawspeaker serves as the company's director. They preserve official documents and legal texts. They call meetings and manage them, or appoint a Chairperson to do so. They may, on authority of the High Court, call on people to work for the company. They are required to convene the High Court upon the request of at least two officers of the High Court.

Lögsögumaður gegnir hlutverki framkvæmdarstjóra félagsins. Hann varðveitir skjöl og lagatexta. Hann kallar saman fundi, stýrir þeim eða skipar fundarstjóra. Lögsögumaður getur í umboði lögréttu kallað menn til verka í þágu félagsins. Honum er skylt að boða til fundar óski að minnsta kosti tveir lögréttumenn þess.

### Article 36.

The Lawspeaker can neither be a part of any other board, nor hold the title of Allsherjargoði.

Lögsögumaður getur hvorki gegnt öðrum stjórnarstörfum né embætti allsherjargoða.

## Part 9. Um lög og reglur (About the Laws and Regulations)

### Article 37.

Proposals for changes in the laws and regulations of the company must be presented in detail before the General Assembly, along with a statement received by the Lawspeaker at least six weeks before the assembly.

Tillögur að breytingum á lögum og reglum félagsins þurfa að hafa verið kynntar rækilega í fundarboði til allsherjarþings, ásamt greinargerð sem skulu hafa borist lögsögumanni eigi síðar en sex vikum fyrir þingið.

### Article 38.

These are the further details and definitions of the law of the company. They will be changed only with a majority vote of the General Assembly.

Reglur þessar eru nánari útfærsla og skilgreiningar á lögum félagsins. Verður þeim aðeins breytt með meirihlutasamþykkt allsherjarþings.

# Lögrétta og önnur embætti

Current Lögrétta has worked since February 9, 2015.

**Kári Pálsson**, Lawspeaker (elected in 2013 for two years)

**Hallur Guðmundsson**, Deputy Lawspeaker (elected in 2013 for two years)

**Hulda Sif Ólafsdóttir**, Treasurer (elected in 2014 for two years)

**Urður Snædal**, Secretary (elected in 2014 for two years)

**Lenka Kovářová**, Board Member (elected in 2014 for two years)

- - -

**Hilmar Örn Hilmarsson**, Allsherjargoði (a permanent seat)

**Jóhanna Harðardóttir**, Deputy Allsherjargoði (designated by the priests)

- - -

**Silke Schurack**, first alternate (elected in 2014 for one year)

**Sigurboði Grétarsson**, second alternate (elected in 2014 for one year)